

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 168/2017**2019/EES/52/19****frá 22. september 2017****um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1009 frá 13. mars 2017 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir kadmíum og blý í glersíum og glerjum sem eru notuð í endurværpsstöðlum, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1010 frá 13. mars 2017 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í legubökkum og -fóðringum fyrir tiltekna þjöppur sem innihalda kælimiðil, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1011 frá 15. mars 2017 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í hvítum glerjum sem eru notuð í ljósþúnaði, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum ⁽³⁾.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 12q (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **2017 L 1009**: Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1009 frá 13. mars 2017 (Stjttíð. ESB L 153, 16.6.2017, bls. 21),
- **2017 L 1010**: Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1010 frá 13. mars 2017 (Stjttíð. ESB L 153, 16.6.2017, bls. 23),
- **2017 L 1011**: Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1011 frá 15. mars 2017 (Stjttíð. ESB L 153, 16.6.2017, bls. 25).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framseldu tilskipananna (ESB) 2017/1009, (ESB) 2017/1010 og (ESB) 2017/1011, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. september 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 153, 16.6.2017, bls. 21.⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 153, 16.6.2017, bls. 23.⁽³⁾ Stjttíð. ESB L 153, 16.6.2017, bls. 25.^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.